

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 26. nóvember 2018  
UST201811-173/B.S.  
10.05.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Kerlingarfjöll - Hálendismiðstöð – Fráveitumál.  
Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu um tilhögun fráveitu við fyrirhugaða Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum.

Gert er ráð fyrir að fráveitukerfið verði endurbætt þannig að frálagið frá salernum verður dælt í safntanka og þaðan í flutningatæki til urðunar eða áframvinnslu utan Kerlingarfjalla. Ráðgert er að eldri hús sem verða áfram í notkun verði tengd rotþrómm.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að meðferð skólps verði með þeim hætti sem ofan greinir. Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir hvort ráðgert sé að tengja eldri hús við safntanka ef þau eiga að standa til lengri tíma eða fjarlægja þau eins og ráð er fyrir gert skv. valkosti 4.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugað fráveitukerfi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Rákel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur